



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 7. september 2020 kl. 20:00.
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Guðmundur Auðunsson og Dávur í Dali.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. #sosialiskurseptember

Ýmislegt hefur þegar verið birt undir þessu myllumerki.

3. Starf baráttuhópa og annara deilda flokksins

Sigrún hafði samband við meistaradeildarhópinn til að koma honum aftur í gang. Védís og Katrín eru að undirbúa þátt um verkalýðsmál. Hægt gengur að koma hópi ungra sósíalista saman á Zoom og talað var um að e.t.v. væri betra að færa þá fundi aftur í raunheima.

4. Framleiðsla á dóti fyrir flokkinn

Guðmundur ræddi tilboðið frá Margt smátt og hvort rétt væri að láta gera prufur af fjölbreyttum vörum hjá hollensku fyrirtæki og framleiða svo það sem heppnast vel hér heima. Það mæltist vel

fyrir.

5. Skýrsla húsfélags

Eigandinn er byrjaður að mála rýmið.

6. Fjármál, staða reikninga

Flokkurinn: 872.062 kr., kosningasjóður: 1.010.220 kr., Maístjarnan: 4.417.311 kr.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.